

Sveitafélagið Skagabyggð
Vignir Sveinsson,
Oddviti
Höfnum
454 Skagaströnd



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. júní 2013
Tilvísun: UST20130500040/hdm

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 – 2030. Hitavatsleiðsla frá Laxá í Refasveit til Skagastrandar.

Vísað er til erindis oddvita Skagabyggðar er barst 10.mai síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 – 2030. Hitavatsleiðsla frá Laxá í Refasveit til Skagastrandar.

Framkvæmd

Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 – 2030 er gerð breyting á hitaveituleiðslu, sunnanvert; frá Laxá í Refasveit til Skagastrandar. Leiðslan fer um skipulagssvæði Skagabyggðar sunnan Sveitarfélagsins Skagastrandar. Hluti leiðarinnar er um vegsvæði en leiðslan mun að mestu liggja um skilgreint landbúnaðarland.

Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins var gert ráð fyrir hitaveituleiðslu, sem fyrst og fremst myndi þjóna Skagaströnd auk nokkurra bæja. Þar að auki er nú gert ráð fyrir að lagður verði ljósleiðari með hitaveituleiðslunni.

Umhverfisáhrif

Samkvæmt lýsingu á skipulagsáætlun vegna breytinganna, er framkvæmdin háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í breytingunni felast framkvæmdir sem eru háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og samkvæmt þeirri skipulagsáætlun hafa áhrif þessarar breytingar á umhverfi og samfélag verið metin eftir því sem við á.

Talsvert jarðrask fylgir framkvæmdinni. Eins og fram kemur í greinagerð með áætluðum breytingum á Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010 – 2030, er varða heitavatsleiðsla frá Laxá í Refasveit til Skagastrandar, eru umfangsmestu breytingarnar syðst; við Laxá í Refasveit og nyrst; við mörk Skagastrandar. Nokkrar ár renna um ofangreind svæði og er líklegt að mestu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði þar sem hitaveitulögnin þverar árnar.

Umhverfisstofnun vill því ítreka fyrri umsögn sína frá 12. mars 2012 og bendir einnig á umsögn Skipulagsstofnunar frá 30.mars 2012 og bendir stofnunin á, að þar sem lögnin er niðurgráfin mun hún óhjákvæmilega valda einhverju raski á árbotnum sem getur leitt til

grugg myndunar sem getur haft áhrif á lífríki í ánum t.d fiska. Í fyrri ummælum Umhverfisstofnunar frá 12.mars 2012 um vatnafar segir; „Líkur eru á að ef allrar varúðar er gætt við framkvæmdina, hafi hún einungis minniháttar staðbundin áhrif á viðkomandi vatnsföll og mest á meðan á framkvæmdum stendur“ . Að því sögðu, hvetur Umhverfisstofnun til að sérstök aðgát verði höfð við þverun árfarvega og nánar gerð grein fyrir þeim tæknilegu lausnum sem notaðar verða við framkvæmdina.

Niðurstaða

Yfir heildina er ekki líklegt að þessar framkvæmdir hafi veruleg umhverfisáhrif í för með sér. Áhrifin munu að öllum líkindum vera að jafnaði staðbundin og mest á meðan á framkvæmdum stendur. Nauðsynlegt er að gæta fyllstu varúðar á framkvæmdartíma til að lágmarka umhverfisáhrif og koma í veg fyrir óþarfa rask auk þess að tryggja góðan frágang og afmá sýnileg ummerki eftir fremsta megni að lokinni framkvæmd.

Virðingarfyllst

Hulda Dagmar Magnúsdóttir
Hulda Dagmar Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun

